

Norrænt samstarf

Á öllum Norðurlöndunum eru opinberar nefndir eða ráð, sem hafa það verkefni að vinna að jafnréttismálum. Í desember 1974 samþykkti ráðherranefnd Norðurlandaráðs að skipa samstarfshóp um jafnréttismál. Ríkisstjórn hvers lands útnefnir einn fulltrúa í þennan starfshóp, sem kom saman til fyrsta fundar í apríl 1975. Auður Auðuns, fyrrverandi ráðherra, var fyrsti fulltrúi Íslands og átti sæti í starfshópnum til ársloka 1976, en þá tók við Guðrún Erlendsdóttir, formaður Jafnréttisráðs. Þessi starfshópur heldur fundi 4 - 5 sinnum á ári. Aðalstarf samstarfshópsins er að vera n.k. upplýsingamiðstöð um jafnréttismál. Auk þess vinnur hópurinn að ákveðnum verkefnum, og er nú búið að samþykka vinnuáætlun um norræna samvinnu í jafnréttismálum. Fyrsta verkefni samstarfshópsins var að standa fyrir ráðstefnu um "Jafnrétti í atvinnulífinu og innan fjölskyldunnar". Þessi ráðstefna var haldin í Svíþjóð 1976. Niðurstöður þær, sem komist var að á þessari ráðstefnu - ásamt framsöguerindum og umræðum - voru gefnar út af Norðurlandaráði. Annað verkefni, sem samstarfshópurinn hefur staðið fyrir, var að láta fara fram könnun á lagavernd jafnréttis á Norðurlöndum. Í framhaldi af þessari könnun var gengist fyrir ráðstefnu í Finnlandi sumarið 1977. Nú er verið að framkvæma á vegum samstarfshópsins rannsókn á fjölmiðlum og jafnrétti, og er búið við, að þeirri rannsókn verði lokið á þessu ári. Önnur könnun er einnig í gangi, og fjallar hún um þarfir foreldra og barns á tíma meðgöngu, fæðingar og fyrsta árs barnsins, og er sú könnun sérstaklega gerð með tilliti til fæðingarorlofs.

Fleiri verkefni eru á döfinni. Samstarfshópurinn leggur áherslu á, að jafnréttismálin einangrist ekki, heldur verði eðlilegur þáttur á öllum þeim sviðum, sem norræn samvinna á sér stað.

Skrifstofa Jafnréttisráðs.....

..... er að Skólavörðustíg 12, Reykjavík og er viðtalstími frá kl. 10 - 12 f.h. alla virka daga. Sími ráðsins er 27420.

Jafnréttisráð hvetur fólk til þess að leita til ráðsins bæði vegna meintra brota á lögum nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla og einnig til þess að afla sér upplýsinga um jafnrétti og jafna stöðu karla og kvenna.

Útgefandi : Jafnréttisráð

Ábyrgðarmaður : Bergþóra Sigmundsdóttir.

HLIÐ VIÐ HLIÐ

að jafnri stöðu
karla og kvenna

2. tbl. 1.árg.

Nóvember 1978

Sveitarstjórnir - Jafnréttisnefndir

Jafnréttisráð sendi 1. ágúst s.l. öllum sveitarstjórnnum landsins áskorun um að koma á fót jafnréttisnefndum. Þau sveitarfélög sem þegar hafa svarað hafa öll brugðist vel við, enda má ljóst vera að verkefni slíkra nefnda eru óþrjótandi. Þær gætu t.d. - haft frumkvæði að athugunum og umræðum, sem stuðla að jafnrétti karla og kvenna - veitt upplýsingar og verið ráðgefandi aðili fyrir sveitarfélagið í málum sem efla jafnrétti kynjanna - verið bakhjarl félaga og einstaklinga sem vinna á einhvern hátt að jafnri stöðu kynjanna innan sveitarfélagsins - verið tengiliður við Jafnréttisráð - eða í sem stystu máli sagt unnið á ýmsan hátt að jafnréttismálum á öllum sviðum mannlífsins í sveitarfélaginu.

Jafnréttisráð vill benda jafnréttisnefndum sveitarfélaga á að þær geta haft með sér ýmiss konar samvinnu í jafnréttismálum. Bæði mætti hugsa sér að samliggjandi sveitarfélög tækju höndum saman um einhver verkefni og að innbyrðis lík sveitarfélög reyndu í sameiningu að bæta úr sínum málum.

Skráð nöfn beggja í símaskrána!

Síðustu árin hefur færst mjög í vöxt að hjón eða sambýlisfólk léti skrá nöfn beggja í símaskrána, en ekki eingöngu nafn karlmannsins eins og áður tíðkaðist. Meirihluti giftra kvenna og kvenna í sambúð mun þó enn ekki vera skráður handhafi síma. Jafnréttisráð vill hvetja fólk til að ráða hið fyrsta bót á þessu. Það verður að teljast mjög óeðlilegt að einungis annar af tveimur forráðamönnum heimilis skuli skráður fyrir síma þess og að auki skapar það óþægindi, þ.e. að sá sem hringja þarf í tiltekna konu, hefur oft á tíðum ekki minnstu hugmynd um nafn maka hennar. Á s.l. ári kostaði 2000 kr. að skrá tvö nöfn í símaskrána í stað eins og mun slík upphæð varla ríða fjárhag fólks að fullu.

Veistu.....

- að eftirfarandi upplýsingar eru úr skýrslu fjárlaga- og hagsýslustofnunar um stjórnir, nefndir og ráð ríkisins 1976 ?
- að í stjórnnum og ráðum sem Alþingi kýs, fyrir utan þingnefndir, voru konur aðeins 6 af 236 nefndarmönnum - eða 2,5 % ?
- að 3 konur voru alþingismenn - eða 5 %, þannig að hlutfall kvenna í áðurnefndum ráðum var enn minna ?
- að engin kona var formaður í nefnd sem Alþingi kýs ?
- að í nefndum, kjörnum og skipuðum skv. lögum og ályktunum Alþingis, voru konur aðeins 42 af 887 nefndarmönnum - eða 4,7 % ?
- að af þessum 42 konum áttu 4 sæti í Jafnréttisráði ?
- að konur voru formenn í 5 nefndum af 163, sem kjörnar eru og skipaðar skv. lögum og ályktunum Alþingis - eða 3,1 % ?
- að í nefndum skipuðum af stjórnvöldum, voru konur aðeins 88 af 1109 nefndarmönnum - eða 7,9 % ?
- að 12 af þessum 88 konum áttu sæti í Kvennaársnefnd ?
- að alls voru konur einungis 136 af 2232 nefndarmönnum - eða 6,1 % ?
- að konur áttu ekki sæti í neinni nefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins, sjávarútvegsráðuneytisins og landbúnaðarráðuneytisins, þ.e. þeim ráðuneytum sem einkum fara með atvinnumál þjóðarinnar ?
- að engin kona átti sæti í nefnd á vegum fjárlaga- og hagsýslustofnunar, þar sem fjármál ríkisins eru m.a. rædd og skipulögð ?
- að engin kona átti sæti í nefnd á vegum utanríkisráðuneytisins ?

Veistu að ofangreindar upplýsingar eru opinberar staðreyndir um stöðu konunnar í þjóðfélaginu - staðreyndir sem endurspeglar úreltar hugmyndir um hlutverkaskiptingu kynjanna ?

Launamisrétti ?

Jafnréttisráð hefur gluggað nokkuð í fréttabréf Kjararannsóknarnefndar frá júlí s.l. og kemur þar ýmislegt athyglisvert í ljós um laun karla og kvenna í verkamannavinnu. Á töflum 3.1 og 3.2 sést t.d., að karlar hafa almennt 13,3 % hærri laun en konur fyrir hvern unninn dagvinnutíma og er þá miðað við ýmis störf meðal verkafólks innan A.S.Í.

Ætla mátti að þessi launamunur stafi einmitt af því að ekki eru borin saman störf karla og kvenna í sömu starfsgreinum. En annað kemur í ljós ef bornar eru saman tölur úr áðurnefndu fréttabréfi (sjá töflur 2.1, 2.5 og 2.7) um laun karla og kvenna í sömu starfsgreinum. Niðurstaða slíks samanburðar er þessi :

Starfsgrein	Tímakaup í dagvinnu á kr.		
	karlar	konur	ka með í % hærri laun en ko
Fiskvinna	799,88	752,17	6,3 %
Afgreiðslustörf (Dagsbr., Framsókn)	820,12	690,00	18,9 %
Bæjarvinna	789,78	653,04	20,9 %
Verksmiðjuvinna	854,69	706,71	20,9 %
Verslunarmenn (afgr. í matv.)	891,57	744,50	19,8 %

Taflan sýnir m.ö.o. að launamismunurinn er fremur meiri en minni séu borin saman störf karla og kvenna innan sömu starfsgreina. Meginorsökin fyrir launamisrétti kynjanna er þá ekki sú, að konur veljist í aðrar starfsgreinar en karlmenn. Hins vegar er kynbundin starfsskipting almennt talin ríkjandi í mörgum atvinnugreinum og karlar sitja þá að betur launuðum störfum en konur. Þrjár spurningar hljóta því öðrum fremur að verða áleitnar :

1. Hvers vegna veljast konur jafnan í láglau nastörf ?
2. Hvers vegna eru þau störf jafnan lægst launuð, sem konur stunda ?
3. Eru karlar frekar "yfirborgaðir" en konur og samræmist það jafnréttislögunum ?

Það hlýtur að teljast verðugt verkefni fyrir Jafnréttisráð, verkalyðs-félög, starfsmannafélög og starfshópa á einstökum vinnustöðum, að leita svara við þessum spurningum og hafa forystu um úrbætur.